

KB bætiefnalína



Kíktu á netverslunina okkar

www.kb.is





Bovisal Pearls

Bætiefni til að meðhöndla og fyrirbyggja doða í kúm.

Á upphafi mjaltarskeiðs hefur kýrin ríka þörf fyrir kalsíum. Skortur á kalsíum og/eða orku getur leitt til ýmissa sjúkdóma í kringum burð, t.d. doða, júgurbólgu, súrdoða og fastra hilda.

Bovisal Pearls inniheldur 4 mismunandi gerðir af kalsíum ásamt perlum sem leysast hægt upp, þannig að 2 flöskur nægja til að tryggja nægjanlegt kalsíum yfir áhættutímabilið.

Kalsíum í fljótandi formi nýtist strax, nokkrum mínútum eftir inngjöf en perlurnar leysast hægt upp yfir nokkra klukkutíma með ensímniðurbroti. Með þessum hætti er tryggt að nægjanlegt magn af kalsíum sé í blóðrásinni þar til kýrin hefur sjálf náð að stilla kalsíumjafnvægi líkamans.

-
- 4 mismunandi gerðir af kalsíum.
 - Lífrænt bundið kalsíum eykur og hraðar upptöku.
 - Kalsíum perlur sem leysast hægt upp.
 - Nægjanlegt er að gefa 2 flöskur.
 - Mjög bragðgott.
 - Glúkósamyndandi orka.
 - Inniheldur fosfór.
 - **Inniheldur ekki kalsíumklóríð.**
-

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Gefið eina flösku strax eftir burð og gefið aðra flösku 12 klst. seinna.

Keto Bovisal



**Bætiefni fyrir mjólkurkýr
og ær, minnkar líkur á súrdoða.**

Keto-Bovisal er bragðgott glúskósamyndandi bætiefni sem tryggir nýbærum nægjanlega háan blóðsykur og lágmarkar þannig líkur á súrdoða og þyngdartapi.

Gefið um leið og súrdoða verður vart.

-
- Fyrirbyggir doða og dulinn doða hjá nýbærum
 - Hár blóðsykur
 - Tryggir góða lyst
 - Aukin mjólkurframleiðsla
 - Bætir frjósemi
-

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

KÝR: 1 flaska á 12 tíma fresti þar til eðlilegu áti er náð.

ÆR: 1/4 úr flösku á 12 tíma fresti þar til eðlilegu áti er náð.



Phosphor Bovisal

**Til að bæta kúm upp
fosfórskort.
Flýttir fyrir bata eftir doða.**

Um helmingur allra kúa sem liggja vegna doða eða doðatengdra vandamála sýna of lág gildi fyrir kalsíum og fosfór. Þegar Phosphor Bovisal er gefið kúm með kalsíumskort og/eða fosfórskort samhliða kalsíum inngjöf í æð þá eru þær mun fljótari að standa upp.

-
- Styttir tímann verulega sem að kýrin liggur.
 - Eykur líkurnar á að ein kalsíumgjöf í æð sé fullnægjandi um allt að 90%.
 - Fosfórinn er mjög auðupptakanlegur.
 - Mjög bragðgott.

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Hellið 1 flösku í munn eftir að dýralæknir hefur gefið kalsíum í æð. Ef kýrin liggur enn niðri eftir 8-10 klst. (sjaldgjæft) gefið þá aðra flösku (ef þörf er á annari kalsíumgjöf í æð, gefið þá flöskuna eftir inngjöf).

Rumen Bovisal

Fæðubótarefni til að minnka líkur á súrdoða hjá nautgripum, sauðfé og geitum.



Fyrir nautgripi, sauðfé og geitur. Styrkir vambarstarfsemina við t.d.:

- Lystarleysi
- Meltingartruflunum
- Vambarlömun
- Súðdoða
- Öðrum truflunum á vambarstarfsemi

-
- Inniheldur orku, eykur lyst og örvar örveiruflóru vambarinnar.
 - Tilbúið til notkunar.
 - Mjög bragðgott.
 - Öruggt og auðvelt að gefa.
 - Óbrjótanleg og endurvinnanleg flaska.

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Nautgripir: 1 flaska (600 gr).

Sauðfé/geitur: 1/2 flaska.

Endurtakist á 12 klst. fresti ef þörf krefur þar til eðlilegri vambastarfsemi er náð.



Calcium + A-D-E

**Kalk með A-, D- og E vítamínum.
Gefist um munn til að
minnka doða.**

Inniheldur magnesíum og vítamín sem ýta undir upptöku og nýtingu kalks. Calcium+ADE er hraðvirkandi bætiefni, með kalki og própýlenglýkóli fyrir mjólkurkýr sem eiga á hættu á að fá doða.

Ráðlagðir skammtar til að fyrirbyggja doða:

- Skammt skal gefa 12-24 tímum fyrir áætlaðan burð
- Skammt skal gefa strax eftir burð
- Skammt skal gefa u.þ.b. 12 tímum eftir burð
- Skammt skal gefa u.þ.b. 24 tímum eftir burð

Ráðlagðir skammtar til að gefa eftir að dýralæknir hefur meðhöndlað með kalki í æð:

- Skammt skal gefa u.þ.b. 2 tímum eftir meðhöndlun
- Skammt skal gefa u.þ.b. 10 tímum eftir meðhöndlun

CalciumFosfor Balance



**Kalk með fosfor, seleni, magnesíum
og propylenklykóli.**

**Minnkar líkur á doða.
Minnkar líkur á fosfórskort.**

**Fljótvirkandi kalk sem inniheldur fosfór, selen og magnesíum;
til að minnka líkur á doða og fosfórskort í tengslum við burð.**



Notkunarleiðbeiningar:

1 skammtur er 250 ml.

Gefið 1. skammt strax eftir burð.

Gefið 2. skammt 24 tímum eftir burð.

Gefið 3. skammt eftir 36 klst.



Ketoglyk

Súrdoðavörn 5L - 20L - 200L

Ketoglyk tryggir kúnni hátt glúkósa hlutfall í blóðinu, viðheldur matarlyst og hindrar að hún missi hold. Einstaklega bragðgóð súrdoðavörn.

Virk innihaldsefni:

- **Propylenglykol:** Umbreytist í glúkósa í lifur og hækkar þar með blóðsykurinn.
- **Glycerin:** Umbreytist mjög hratt í glúkósa í lifur og hækkar þar með blóðsykurinn mjög hratt. Mjög bragðgott.
- **Calciumpropionat:** Er glúkósamyndandi efni og inniheldur auðupptakanlegt kalsíum.
- **Natríumpropionat:** Umbreytist hratt í glúkósa.
- **Niacinamid:** Stjórnar nýtingu fitu í líkamanum og örvar mjólkurframleiðslu.

Ef kýrin missir meira en 25 kg á 2 fyrstu mánuðunum af mjaltarskeiðinu, seinkar hún fyrsta egglosi og líkur á að hún haldi við 1 sæðingu minnka verulega.

Chevivit E-Selen R

**Inniheldur A-vítamín,
E-vítamín, D3-vítamín
og selen.**



Fyrir lömb, kálfa og kiðlinga.

Fóstur jórturdýra fá hvorki nægjanlegt E-vítamín né selen. Nýfæddir kálfar, lömb og kiðlingar þurfa því viðbótarskammt af þessum efnum til að forðast skort og tryggja eðlilegan þroska.

-
- Eykur kyngingarviðbragðið.
 - Fyrirbyggir stíuskjögur.
 - Gefur aukið ónæmi.
 - Flýtir fyrir þroska.
 - Hraðar efnaskiptum í vöðvum.
 - Einstaklega góð upptaka virkra efna.
 - Mjög bragðgott.
 - Nákvæm skammtadæla, ekkert fer til spillis.
 - Tilbúið til notkunar.

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Gefið í mjólk eða beint í munn eftir að ungviðið hefur drukkið fyrstu broddmjólkina, 1 pumpuslag=1 ml.

Kálfar: 2x1 ml (2 pumpuslög).

Lömb og kiðlingar 1x1 ml (1 pumpuslag).

Má endurtaka viku síðar.



Chevivit E-Selen V

Inniheldur E-vítamín og selen.

Bundið í MCT-fosfólípið hóp þannig að efnin nýtast mun betur.

-
- Eykur frjósemi.
 - Lækkar frumutölu, færri jógurbólguþilfelli.
 - Minnkar líkur á bólgu í hækilslið.
 - Aukið E-vítamín í mjólk (bætir ónæmiskerfi kálfsins).
 - Veitir aukið ónæmi.
 - Mjög bragðgott.
 - Nákvæm skammtadæla.
 - Auðvelt í notkun.
 - Ekkert fer til spillis.
-

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

2ml (1 pumpuslag) pr. kú á dag, yfir fóður. Byrja skammta 10 dögum fyrir burð og gefa fram að sæðingu.

ReVital



Duft til að fyrirbyggja og meðhöndla kálfaskitu.

Stöðvar niðurgang og jafnar sýrustig.

Verndar þarmavegginn og viðheldur bakteríuflórunni.

Hátt innihald af steinefnum (Na^+ , K , Cl).

Inniheldur mjólkursýrubakteríur.

Pektín og trefjar stoppa niðurganginn fljótt.

Yfir 400 mMol/L af blöndu, réttur styrkur jóna.

Inniheldur glúkósa sem tryggir auðupptakanlega orku og gott bragð.

Nota skal ReVital samhliða mjólk svo kálfurinn leggi ekki af.



Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

120 gr af dufti leysist upp í 1L af vatni, gefist með mjólk eða kálfamjólkurdufti.

Athugið að 50 kg kálfur með niðurgang þarf 8-10 L af vökva á dag.



Boviferin plus

**Fæðubótarefni fyrir kálfa.
Kemur stöðugleika á jafnvægi
vatns og salta.**

- Hjálpar við meltingu mjólkur
- Færir kálfinum sölt, mucin, umfangsaukandi efni, vítamín, steinefni og næringarefni sem hjálpa kálfum að vinna á skitu
- Bætir upp vökvatap
- Jafnar sýrustig
- Inniheldur 2 milljarða af CFU mjólkursýrubakteríum, allt í einum poka.

Inniheldur:

- Oralin, lífrænt bætiefni sem jafnar þarmaflóruna.
- Sölt.
- Sýrujafnandi efni.
- Mjólkursýrubakteríur.
- Mucin (prótein sem vernda slímhimnur).
- Umfangsaukandi efni og eykur þar með vatnsupptöku.

Notist ef smitpressa er til staðar. Á meðan á skitu stendur og/eða þegar kálfur er að ná sér eftir meltingatruflanir (niðurgang/skitu). Blandið 1 bréf (115mg) í 2 lítra af vatni og bætið við 0,5-4L af mjólk eða mjólkurdufti (fer eftir daglegri mjólkurþörf kálfsins). Gefist tvisvar sinnum daglega. Gefið þar til skitu lýkur en a.m.k. í 2-3 daga.

Ekki hætta að gefa mjólk. Kálfar skulu hafa frjálsan aðgang að vatni.

Prolac Pasta



**Prolac Paste / Zoolac Paste
er þykkni til styrktar
þarmaflóru húsdýra.**

**Fyrir dýr með meltingartruflanir og
veikburða ungvíði.**

Þarmaflórustyrkjandi pasta fyrir öll húsdýr

Bætir meltingu og kemur jafnvægi á þarmaflóru.

Notist á álagstímum t.d. flutningur, skita, fóðurbreytingar eða til að bæta gerlaflóru meltingarkerfis eftir sýklalyfjakúr.

Einnig hægt að nota fyrirbyggjandi.

Þrenns konar áhrif í einum og sama skammtinum.

Inniheldureftirtaldar æskilegar bakteríur:

Lactobacillus farciminis, Bacillus subtilis, Bacillus licheniformis,
Pediococcus acidilactici

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Má nota í öll dýr. Stillið dæluna á fjölda ml. sem svarar til þyngdar til dýrsins. Gefist að jafnaði á 6-8 tíma fresti þar til tilætluðum árangri

Pasta fyrir mjólkurkýr



● Bovi KetosePlus pasta

Orkuríkt pasta sem getur minnkað líkur á súrdoða. Inniheldur bæði selen og B-vítamín. Súrdoða verður oftast vart um 6 vikum eftir burð og þá er mikilvægt að kýr hafi greiðan aðgang að auðupptakanlegri viðbótarorku og stuðningsefnum sem auka matarlyst.

● Bovi CalciumPlus pasta

Kalkpasta sem getur minnkað líkur á doða. Inniheldur bæði selen og B-vítamín. Doða verður oftast vart rétt eftir burð og þá er mikilvægt að kýr fái viðbótarskammt af auðupptakanlegu kalki.

● Bovi Carbon pasta

Kolpasta með lyfjakolum og tanníni sem getur dregur í sig eiturefni og getur minnkað líkur á meltingartruflunum. Hentar vel við skitu, meltingartruflunum og eitrunum.

● Bovi VomBooster pasta

Pasta sem að örvar vambarstarfsemi og eykur lyst, inniheldur selen og kalk til að minnka líkur á truflunum í vambarstarfseminni.

● Bovi Fosfór pasta

Pasta með fosfór, kalki og orku til að minnka líkur á fosfórskort

Mjólkursýrari



Mjólkursýringarduft til meðhöndlunar
á skitu og stuðlar að því að halda
skitututillfellum í lágmarki.
Bætir meltingu.

- Tryggir rétt jafnvægi milli steinefna og vökva
- Jafnar sýrustig í meltingarveginum
- Hefur skaðleg áhrif á bakteríur sem valda niðurgangi t.d. E.coli
- Eykur meltanleika mjólkurfitu
- Mjólkin hleypur fyrr í þörmum
- Notast bæði í kúamjólk og kálfamjólkurduft
- Tryggir bestu mögulega meltingu og er bragðgott

3 kg duga til að sýra 7.500 L af mjólk

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Mjólkursýraranum er bætt í rétt fyrir fóðrun en þó eftir upphitun.

Mjólkin hleypur strax.

Nota skal tvöfaldan skammt ef um skitu er að ræða.



EnergyBooster

Orkudrykkur fyrir mjólkurkýr.

EnergyBooster er orkudrykkur fyrir nýbærur.

Þegar þorstinn er sem mestur hjá kúnni. 1/2 - 1 kg af EnergyBooster er leyst upp í 15 lítrum af 40° C heitu vatni og gefið strax eftir burð. Þar á eftir ætti að bjóða kúnni 15 lítra af volgu vatni til að tryggja henni nægjanlegan vökva.

Leysið 1/2 - 1 kg of EnergyBooster upp í 15 lítrum af 40° C heitu vatni og bjóðið kúnni.

Ávinningur og áhrif?

- Jafnar vökva- og saltbúskap líkamans og viðheldur því góðri lyst
- Tryggir nægjanlega orku og viðheldur háum blóðsykri og fyrirbyggir því súrdoða
- Jafnar vambarstarfsemi og örveiruflóru í vömbinni, tryggir góða lyst
- Jafnar sýrustig í vömb og hindrar því súrnun vambar og hraðar því meltingu í vömb
- Vökvameðhöndlun (30 lítrar af vatni) hindrar ofþornun, vinstrusnúning og fastar hildir

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

1/2 - 1 kg pr. kú

Pakkning: 10 kg fata

EnergyCal™



Orkumikið bætiefni sem inniheldur hátt hlutfall kalks fyrir nýbærur.

Færir nýbornum kúm vökva, auðupptakanlega orku og kalk.
Gefist sem fyrst eftir burð

EnergyCal inniheldur.

Laktósi og sætt mysuduft, bragðgóðir orkugjafar

Dextrósi, auðupptakanleg orka

Auðupptakanlegt kalk sem styður við kalkbúskapinn eftir burð

Sölt til að viðhalda vökvabúskapnum eftir burð

Sítrónusýru, bætir bragð og eykur vatnsupptöku

Ávinningur og áhrif:

- Jafnar blóðsykur og orkujafnvægi líkamans
 - Styður við skjóta fæðuupptöku eftir burð
 - Styður við jöfnun salts- og vökvabúskaps
 - Viðheldur jákvæðum kalkbúskap strax eftir burð
 - Inntaka á vatni (30L) ásamt söltum spornar við ofþornun og minnkar þannig líkur á vandamálum eftir burð.
-

Notkunareiðbeiningar / Skammastærð:

Leysið 0,5-1kg af EnergyCal upp í 15L af heitu vatni (40°C) og gefið eins fljótt og hægt er eftir burð, þegar að kýrin hefur mesta löngunina í vatn. Gefa skal 15L af hreinu volgu vatni um leið og kýrin hefur klárað blönduna til að tryggja nægjanlega vatnsupptöku

Skammtar: 0,5-1kg á hverja kú / 10-20 skammtar í hverri fötu

Pakkningar: 10 kg fata



Vitaladd

Vitaladd styður við ónæmiskefið og hjálpar til við að viðhalda heilbrigði dýrsins.

Vitaladd styður við eðliegt vökva-, síru- og basajafnvægi í þörmum. Auðveldar upptöku á vökva úr meltingarvegi og hjálpar þannig við að halda niðri skitu. Inniheldur sölt, pektrín, hörfræ og auðmeltanleg kolvetni.

Vitaladd inniheldur síru sem að bætir meltingu dýrsins og lengir líftíma mjólkurinnar. Vitaladd má ekki uppfylla meira en 6% af daglegri fóðrun dýrsins vegna mikils innihalds af A-vítamíni, D3-vítamíni, járnei, joði, kopars, mangans, selens og sínks.

Vitaladd er blandað saman við mjólkina þegar að hún hefur verið kæld niður í drykkjarhita.

Til að auka leysanleika má blanda Vitaladd með smá vatni áður en því er blandað saman við mjólkina. Vitaladd leysist einstaklega vel upp og hentar því vel í fóstrur.

Bætir meltinguna

Eykur geymslutíma mjólkur

Inniheldur vítamín og steinefni

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Mælt er með að nota Vitaladd frá 1-3 degi frá burði. Blanda skal 5-10 gr af Vitaladd á hvern lítra mjólkur eða mjólkurduft. Einnig má leysa Vitaladd í 35 °C heitu vatni og gefa í stað mjólkur. Ekki skal þó sleppa mjólkurmáltíð. Leita skal ráða dýralæknis fyrir notkun

Vitallin

Stemmandi kálfadykkur



Vitallin er fæðubótarefni sem auðveldar upptöku á vökva úr meltingarvegi og styður við eðlilegt vökvajafnvægi og síru- basajafnvægi. Það hjálpar líka að viðhalda eðlilegri áferð/fyllingu á í skítum. Vitallin inniheldur aðallega sölt (elektrólíta), pektín, hörfræ og auðmeltanleg kolvetni.

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Mælt er með að nota Vitallin frá 1-3 degi frá burði. Leysist upp í mjólk, 50 gr. pr. /ltr. Má nota hvort heldur í mjólk eða mjólkurduft. Einnig má leysa Vitallin upp í 35 °C heitu vatni og gefa í stað mjólkur. Ekki skal þó sleppa mjólkurmáltíð. Leita skal ráða dýralæknis fyrir notkun



Ovitop

Ovitop eru forðastautar fyrir sauðfé og geitur sem að leysast hægt upp í vömbinni. Virka í 4 mánuði.

Ovitop inniheldur joð, kóbalt, mangan, zink og selen. Einnig er hægt að fá stauta sem innihalda kopar.



Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Sauðfé og geitur fyrir 40 kg.:

2 stautar einnu sinni í mánuði fyrir fengitíma og aftur einum mánuði fyrir sauðburð.

Sauðfé og geitur undir 40 kg.

Gefinn er 1 stautur.



Capri-Ovi

Capri-Ovi lamba- og geitamjólkurduft er hágæða mjólkurduft sem hentar fyrir alla aldurshópa af lömbum og kiðlingum.

21,5% prótein - 24% fita

Topstart

Topstart kálfamjólkurduftið er hágæðaduft, leysist sérdeilis vel upp. Inniheldur sýringarefni sem viðheldur gæðum til lengri tíma. Hentar afar vel fyrir fóstrur.

- Inniheldur auðmeltanleg mjólkurprótín.
- Inniheldur sýru sem viðheldur mjólkurgæðum
- Inniheldur lífsnauðsynlegar olíur
- Tryggir góða upptöku á gróf- og kjarnafóðri



19% prótein - 15% fita

Energy pasta

orkuríkt pasta fyrir lömb og smágrísi.



- Inniheldur glúkósa, sölt, sink og selen.
- Meltanleiki er um 99%.
- Hið nýfædda dýr heldur betur líkamshita og fær meiri orku og lífskraft.
- Inniheldur auðupptakanlega orku sem inniheldur sölt sem jafna starfsemi meltingarvegarins.
- Glúkósi og eggjahvítuduft tryggir góðan meltanleika og saman með söltunum.
- Jafnar maga- og þarmastafsemina og gefur aukna orku þannig að hið nýfædda dýr á auðveldara með að komast á spena.

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Smágrísir: Fyrsti skammtur: Eins fljótt og auðið er. Gefist litlum og eða veikburða grísum. Annar skammtur ef þörf krefur, 8-10 klst. síðar

Lömb: Gefið 4 grömm strax eftir burð og endurtakið ef þörf krefur daginn eftir.

Euro Lacto Flakes Kálfamúslí

Lystugt og bragðgott kálfamúslí. Vöxtur og þroski á vambatotum er lykilatriði í kálfaeldi. Þær þurfa sterkju til að vaxa eðlilega. Leggðu grunn að góðri framleiðsluframtíð kálfsins. Inniheldur 19% prótín.



Vambarvöxtur

Þroski vambar verður betri og vöxtur á vambartotum örvast.

Kálfurinn

er undirbúinn til að skila sem **mestri framleiðslu**, hvort sem er í mjólk eða kjöti.

Jafnvægi

milli kolvetna og próteina.

Full vítamín- og steinefnabætt

allt sem kálfurinn þarfnast til vaxtar og viðhalds á ónæmiskerfi.

Sýruhlutleysir

lágmarkar hættu á súrri vömb.

Innihaldslýsing:

Byggflögur, maísflögur, repjufræjamjöl, sojabaunamjöl, speltflögur, heilhveiti, refasmári, sólblómafræjamjöl, hveitikorn, pálmakjarnaköggjar, inniheldur 19% prótein - Pr. kg fóðurs.





Reform Mash

Bragðgott og auðmeltanlegt fóður.



Reform Mash er bragðgott og auðmeltanlegt fóður sem skal blanda með heitu vatni fyrir notkun. Hörfræin í blöndunni innihalda mikið af slímmyndandi efnum sem draga í sig mikið af vökva og mynda verndandi himnu innan á meltingarvegi.

- Inniheldur hátt hlutfall E-vítamíns og selens sem hefur örvandi áhrif á efnaskipti frumna og minnkar þannig líkur á skemmdum á frumuvegg.
- Inniheldur einnig hátt hlutfall mettaðra og ómettaðra fitusýra og gefur því heilbrigða húð og glansandi hárafar.
- Hentar afar vel þegar hætta er á hrossasótt, þegar farið er úr hárum og á tímabilum þar sem álag er mikið.

Notkunarleiðbeiningar / skammtastærð:

Gildir fyrir 600 kg. grip: Blandið 1-1,5 kg við 2-2,5 L. af heitu vatni. Gefist í 1-2 vikur í senn. Alltaf skal tryggja nægan aðgang að fersku en ekki of köldu vatni.



Bætiefni fyrir hross

Nerv Support

Bætiefni sem hentar vel fyrir viðkvæma hesta sem eiga til að vera hræddir og taugatrekktir. Nerv Support inniheldur

Magnesíum og L-tryptophan. Magnesíum er mikilvægt steinefni fyrir vöðva- og taugakerfi, bein, vatnsbúskap og orkustjórnun. L-tryptophan er aminosýra sem er einn af byggingarsteinum serótóníns og bætir þannig taugapol og getur því stuðlað að aukinni ró og minni hræðslu.

Sedamag

Bætiefni með vítamínnum og háu innihaldi magnesíums sem er nauðsynlegt fyrir starfsemi tauga og vöðva.

Í tengslum við aminosýruna tryptophan bætir það taugapol hesta í streytuvaldandi aðstæðum. Næg vatnsleysanleg vitamin bæta upp næringarójafnvægi þegar hestur verður fyrir of mikilli streitu.





Reformin Plus

Vítamín- og steinefnablanda fyrir hross.

Algengt er að það vanti verulega uppá vítamín- og steinefnainnihald í daglegri fóðrun hrossa.

Reformin Plus hefur verið þróað á grundvelli nýjustu rannsókna og tilrauna til að uppfylla þessa þörf. Víða vantar einnig ýmis snefilenfi til að mynda selen, kopar og joð. Reforming styður við heildarefnaskipti líkamans og getur því hindrað ýmisskonar vandamál sem tengjast efnaskiptum og skorti á vítamínum, steinefnum og snefilefnum.

Hesturinn þarfnast réttar næringar og því ætti Reformin Plus að vera hluti af daglegri fóðrun hestsins sérstaklega á tímum þar sem meira er krafist af hestinum t.d. í keppni, meðgöngu og á mjaltarskeiði.

Innihald:

Kalsíum, 14,2%
Fosfór, 5%
Natríum, 5%
Magnesíum, 1,5%

Viðbætt pr. kg.

A vítamín, 600.000 A.E.
D3 vítamín, 60.000 A.E.
E-vítamín, 5.000mg
B1 vítamín, 100mg
B2 vítamín, 160mg
B6 vítamín, 125mg
B12 vítamín, 1.250mg
Nikotín sýra, 800mg

Skammtastærðir:

Stóðhestar, keppnishestar og folaldsmerar: 100 gr/dag

Aðrir hestar : 80 gr/dag

Folöld: 50 gr/dag

Hestamúslí

Herbs & Fibre Mix

Trefjaríkt og lystugt múslí, án hafra.
Inniheldur selen og E-vítamín, vítamín,
snefil- og steinefnabætt.
Hentar afar vel fyrir hesta með
viðkvæman meltingarveg og fyrir
matvanda hesta.



Vital Mix

Alhliða múslí án hafra, inniheldur allt sem að
hesturinn þarfnast, vítamín, snefil- og
steinefnabætt. Ódýr og góður valkostur.



Linamix

Orkubomba, frábært viðbótarfóður fyrir hross.
Inniheldur að mestu leyti pressuð hörfræ.
Frábær orkugjafi án þess að hafa áhrif á
skapið, heldur sveiflum á blóðsykri í lágmarki.



Kíktu á netverslunina okkar

www.kb.is



BÚREKSTRARDEILD

Kaupfélag Borgfirðinga svf.

Egilsholti 1 - 310 Borgarnes

Sími: (354) 430 5500

Netfang: kb@kb.is

www.kb.is